

Nd.

323. Frumvarp til laga

[129. mál]

um breyting á lögum nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Síðasta málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar, innsiglingarmerki og verbúðir.

2. gr.

4. málsgrein 9. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir tveimur efnisbreytingum.

Hin fyrri er að kveða skýlaust á um það, að verbúðir skuli almennt taldar til kostnaðar við hafnargerðir.

Í gildandi lögum er sagt, „að verbúðir í viðleguhöfnum“ skuli telja til kostnaðar við hafnarframkvæmdir. Skilgreining þessi: „verbúðir í viðleguhöfnum“ — er nokkuð óljós og varla eðlileg. Engin glögg skil eru á því, hvaða hafnir teljast viðleguhafnir og hverjar ekki. Verbúðir þurfa að vera í öllum útgerðarhöfnum, og helzt af öllu þurfa þær að byggjast af hafnarstjórnunum, svo að þær séu haganlega settar á hafnarsvæðinu.

Ég tel eðlilegt að breyta gildandi lagaákvæðum í þessum efnum og heimila að telja til hafnarkostnaðar byggingu verbúða í öllum höfnum.

Hin síðari breytingin, sem felst í frumvarpi þessu, er að fella niður 4. málsg. 9. gr. laganna, en hún er þannig:

„Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðis, og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjald né gjöld af vörum, sem um þær bryggjur fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp hafnarmannvirkjum til afgreiðslu skipa, enda er eigendum slíkra mannvirkja óheimilt að taka gjöld af vörum, sem fara um bryggjur þeirra, nema samþykki hafnarstjórnar komi til.“

Sú takmörkun á tekjuöflunarheimild hafnarsjóða, sem felst í þessari málsgrein, er mjög óeðlileg. Sjálf sagt virðist að heimila hafnarsjóði að innheimta venjuleg vörugjöld til framkvæmda hafnarinnar, þó að einstaklingur eða félag eigi enn hafskipabryggju í höfninni. Komið hefur í ljós, að þetta ákvæði torveldar hafnarstjórnnum að ráðast í nauðsynlegar hafnarframkvæmdir. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir, að ákvæði þetta verði fellt niður.